

**Ed.**

**553. Frumvarp til útvarpslaga.**

[73. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. marz.)

Samhljóða þskj. 489 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda.

Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæzlu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar.

20. gr. hljóðar svo:

Þegar liðinn er mánuður frá því, að afnotagjöld af hljóðvarpsviðtækjum og sjónvarpsviðtækjum féllu í eindaga, getur innheimtustjóri krafizt lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

21. gr. hljóðar svo:

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglu á útvarpsviðtæki:

1. Ef það er hagnýtt til útvarpsmóttöku, án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins.
2. Ef vanskil eru orðin á greiðslu afnotagjalds af því.
3. Ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu afnotagjaldi, og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörzlum eiganda eða annars vörzlumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurði, ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.